


COVID-19 staða mála á fjölskyldu- og barnamálasviði

Rannveig Einarsdóttir

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs



HAFNARFJÖRÐUR




COVID-19

Aðgerðir fjölskyldu- og barnamálasviðs

- **Viðbragðsáætlanir** sviðsins hafa verið virkjaðar.
- **Neyðarteymi** sviðsins var stofnað og í teyminu eru auk sviðsstjóra, deildarstjóri stuðnings- og stoðbjónustu, deildarstjóri þróunar og reksturs í málefnum fatlaðs fólks og lögfræðingur sviðsins. Teymið fundar daglega. Auk bess hefur deildarstjórafundum verið fjöldað.
- **Samstarf er við sviðsstjóra velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu** og hefur þeim fundum fjöldað.
- Félagsmálaráðuneytið, sveitarstjórnnarráðuneytið, Sambandið og Almannavarnir hafa stofnað **viðbragðsteymi vegna viðkvæmra hópa**. Teymið á að hafa yfirsýn yfir stöðuna í bjónustu við viðkvæma hópa. Komið hefur verið á fót bakvarðarsveit í velferðarþjónustu en einstaklingar geta skráð sig á lista hafi þeir tök á að ráða sig tímabundið, hvort sem er í fullt starf eða í tímavinnu.



Hólfaskipting og fjarvinna



- Skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs var skipt upp í þrjú hólf og tók skiptingin mið af því að **lágmarka smithættu**. Gætt var að því að hafa ekki starfsfólk saman sem vinna að sömu verkefnum, t.d. barnaverndin er ekki öll á sama stað o.s.frv. Lögð er áhersla á að hluti starfsfólks **vinni að heiman** og skiptir um hópa vikulega.
- Lögð er áhersla á **sprittun**, **handþvott** o.fl. og mikil áhersla á að allir fari að fyrirmælum. Komið hefur verið fyrir leiðbeiningum á veggjum, hurðum, göngum, salernum og kaffihornum. **Fartölvum** hefur verið fjölgað og vinnureglar að fólk taki með sér tölvuna heim.

Lokun þjónustueininga

- Félagsstarf eldri borgara Flatahrauni 3, Hjallabraut 33 og Sólvangsvegi 1
- Mötuneytum á Hjallabraut og Sólvangsvegi
- Lækur, Hörðuvöllum
- Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- Geitungar, atvinnuþjálfun
- Vinaskjól, lengd viðvera.
- Skammtímavistun Hnotubergi



Breyting á þjónustu



- Þjónustan við notendur fellur ekki niður heldur hefur hún verið sniðin að þörfum hvers og eins.
- Suðurgata 14 er opin fyrir nokkra einstaklinga í Geitungum og Vinaskjóli og er starfseminni dreift vel um húsið.
- Kletturinn hefur verið opinn.
- Skammtímavistunin hefur verið notuð fyrir sóttkví auk þess sem nú dvelja þar einstaklingar sem eru í brýnni þörf fyrir skammtímavistun
- Ráðgjafarráð fatlaðs fólks og Öldungaráð hafa fengið upplýsingar um breytingar á þjónustunni og þær aðgerðir sem verið er að grípa til.

Mötuneyti fyrir eldri borgara og aðgerðir gegn félagslegri einangrun

- Mötuneytum fyrir eldri borgara var lokað og var haft samband við alla sem hafa notað þá þjónustu og þeim boðin heimsending á mat.
- Aðgerðir eru í gangi til að koma í veg fyrir einangrun eldri borgara. Hringt er í eldra fólk sem er í þjónustu hjá sveitarféluginu og lögð áhersla á að vera í sambandi við einstaklinga sem voru í dagdvölinni á Sólvangi sem nú er lokuð.
- Lögð er áhersla á að rjúfa félagslega einangrun eldri borgara og verður farið í bað eftir helgi að hringja í alla 85 ára og eldri og kannað með þjónustupörf
- Leitast er við að forgangsraða í þjónustunni þannig að þeir sem eru í meiri þörf fái viðunandi þjónustu.
- Tekinn hefur verið saman útkallslisti fólks sem er tilbúið til að koma til starfa og er þar um að ræða fólk sem hefur verið t.d. í sumarafleysingum á svíðinu.



Breytingar á þjónustu

- Starfsfólk á einingum sem lokað var eru nú í starfi annarstaðar í þjónustunni s.s. á búsetukjörnum, frekari liðveislu o.fl.
- Reynir á nýjar leiðir
- Mikill tími fer í ráðleggingar og leiðbeiningar til starfsfólks
- Félagasamtök og fyrirtæki hafa verið í sambandi og viljað leggja sitt af mörkum og ber vitni um samfélagslega ábyrgð



Barnavernd

- **Sérstök aðgát er í starfi barnaverndar.** Vísbendingar eru um fjölgun tilkynninga vegna heimilisofbeldis og er það vaktað sérstaklega. Jafnframt verður fylgst vel með álagi á barnaverndarvaktinni og lagt mat á hvort nauðsynlegt er að styrkja vaktina.
- Félagsmálaráðuneytið fer í kynningarátak varðandi tilkynningarskyldu til barnaverndar



Fjárhagsaðstoð og þróun atvinnuleysis

- Sérstaklega verður fylgst með þróun atvinnuleysis í sveitarféluginu.
- Búast má við fjölgun beiðna um fjárhagsaðstoð.
- Mikilvægt er að fyrirtæki nýti sér efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar og m.a. nýti úrræðið um hluta atvinnuleysisbætur.



Málefni erlendra íbúa

- Fjölskyldu- og barnamálasvið er að þjónusta 60 hælisleitendur og eru starfsmenn í sambandi við þann hóp með rafrænum hætti eða í síma reglulega og upplýsa þá um stöðuna og veita þeim nauðsynlega þjónustu s.s. fjárhagsstuðning, aðstoð við að komast í heilbrigðisþjónustu o.s.frv.
- Leitað er leiða í samvinnu við þjónustu- og þróunarsvið varðandi upplýsingagjöf til erlendra íbúa. UNICEF hafði samband og bauð fram aðstoð sína en samtökin eiga til mikið af fræðsluefninum COVID frá UNICEF alþjóðlega, bæði fyrir börn og fullorðna. Eins er til mikið af afþreyingarefninum fyrir börn, margt með áherslu á réttindi barna t.d. rafrænar litabækur, réttindaspilastokka o.s.frv.



Annað

- **Hlíðarfatnaður.** Hlíðarfatnaður barst frá Landlæknisembættinu og er birgðastöð á skrifstofu deildarstjóra þróunar og reksturs í málefnum fatlaðs fólks. Búið er að dreifa neyðarsetti á allar starfsstöðvar fatlaðs fólks, til starfsstöðva heimaþjónustu og í barnaverndina. Gæta þarf að því að um takmarkaðar birgðir er að ræða.
- **Sóttkví.** Fimm starfsmenn í þjónustu við fatlað fólk hafa farið í sóttkví og 3 í heimaþjónustunni. Ekki hefur komið upp smit hvorki hjá starfsmönnum né notendum enn sem komið er.
- **Búsetukjarnar í sóttkví.** Þrír búsetukjarnar fóru í sóttkví og er sóttkví lokið á þeim öllum. Í tæpa viku var skammtímavistunin í Hnotubergi notuð fyrir einstakling í sóttkví. Húsnæðið var sótthreinsað eftir þá dyöl og eru tveir einstaklingar nú í skammtímavistuninni.





Takk fyrir